



Alþingi
Erindi nr. Þ 139/2560
komudagur 19.5.2011

19. maí 2011
SI-74975

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, 783. mál.

Með tölvubréfi dags. 12. maí 2011 óskaði nefndasvið Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Megintilgangur frumvarpsins er veita Fjármálaeftirlitinu heimild til að hafa eftirlit með slitum fjármálafyrirtækja sem er stýrt af slitastjórnnum, óháð því hvort viðkomandi fjármálafyrirtæki hafi starfsleyfi, takmarkað starfsleyfi eða starfsleyfi þeirra hafi verið afturkallað. Fjármálafyrirtæki sem eru í slitum en hafa takmarkað starfsleyfi eða hafa misst starfsleyfi sitt hafa ekki sætt sérstöku eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Einnig er lagt til að gerð verði ríkari krafa til upplýsingagjafar slitastjórnar fjármálafyrirtækis. Jafnframt er lagt til að reglum um nauðasamninga við lok slita verði breytt á þann veg að frestur sem áskilinn er milli fundar um atkvæðagreiðslu við nauðasamningsumleitanir fram til framhaldsfundar verði lengdur úr tveimur vikum í átta vikur. Er það gert til að greiða fyrir því að unnt verði að ljúka slitum með nauðasamningi í stað þess að óska eftir gjaldþrotaskiptum. Auk þess er lagt til að reglum um atkvæðagreiðslu við nauðasamning fjármálafyrirtækis verði breytt þannig að samþykki atkvæðismanna sem talið er eftir höfðatölu miðist við þá sem taka þátt í atkvæðagreiðslunni en ekki þá sem lýst hafa kröfu. Aðrar breytingar eru smávægilegar og eru ætlaðar til að bregðast við athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA (e. ESA) vegna innleiðingar tilskipunar 2001/24/EB um endurskipulagningu og slit lánastofnana sem innleidd var í íslenskan rétt með lögum nr. 130/2004.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri


Tryggvi Pálsson
framkvæmdastjóri